

Krónur og dómar

Íslenskt sýningasumar

Sýningasumarið 2013 var stofnað til 18 kynbótasýninga hrossa vítt og breitt um landið auk fjórðungs- móta á Austur- og Vesturlandi. Minnstar voru fyrri vorsýning á Selfossi, 11 hross, og síðsumarssýning á Miðfossum, 14 hross. Stærstar urðu héraðssýning á Gaddstaðafötum, 286 hross, héraðssýning á Vesturlandi, 217 hross, og seinni vorsýning á Selfossi 216 hross.

Tafla I	Alls hross	Fulln./Reiðd.	B.dómar
Sauðárkrókur, fyrri.	15	12	3
Selfoss, fyrri.	11	5	6
Víðidalur	37	27	10
Sörlastaðir	67	57	10
Selfoss, seinni.	216	172	44
Gaddstaðaflatir	286	237	49
Akureyri	27	22	5
Hvammstangi	28	26	2
Sauðárkrókur, seinni.	115	103	12
Fljótsdalshérað	20	17	3
Melgerðismelar	66	52	14
Miðfossar	217	180	37
Gaddst.fl., miðsumarss.	191	171	20
Miðfossar, síðsumarss.	14	14	0
Blönduós, síðsumarss.	25	20	5
Gaddst.fl., síðsumarss.	155	128	27
Skagafjörður, síðsumarss.	34	28	6
Dalvík, síðsumarss.	28	28	0
Alls	1.552	1.299	253

Skráning hrossa á sýningar var nú með breyttu sniði og fór öll gegnum nýtt kerfi í W-Feng. Þetta nýja fyrirkomulag gekk framur öllum vonum og hefur án vafa sparað bæði tíma og peninga í aðdraganda allra sýninga. Utanumhald og framkvæmd var nú í fyrsta sinni á hendi nýstofnaðs fyrirtækis, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), í stað einstakra búnaðarsambanda svo sem áður var. Gjaldtaka fyrir dóma var óbreytt frá fyrra ári (2012) þ.e. kr 18.500,- fyrir fullnaðardóm en 13.500,- fyrir byggingardóm/reiðdóm. Sýningagjöld á Íslandi eru skilgreind með eftirfarandi hætti:

Tafla II	Fulln.dómur	Bygging / Reiðd.
Launahlutur	11.300	8.025
Rekstur tækja	330	285
World-Fengur	850	850
LM-sjóður	500	500
Vsk.	3.310	2.463
Vallaraðst. (án vsk.)	2.210	1.377
Samtals:	18.500	13.500

Sýningar erlendis

Nú er það svo að íslensk hross eru sýnd og dæmd vítt og breytt um heiminn ár hvert. Í sýningaskrá W-Fengs er að finna dómsniðurstöður frá 63 sýningum í 11 löndum, fyrir árið 2013. Óformleg könnun á gjaldtöku fyrir dóma í nokkrum löndum gefur eftirfarandi niðurstöðu miðað við gengisskráningu þann 5. sept. 2013: **Tafla III**

Gengisskrán. 5. sept. 2013

Sýningagjöld, kynbótasýningar hrossa 2013

		Fullnaðardómur	Byggingardóm.	Reiðd.	
Austurríki, AT (3 - 28 - 21)	IS kr	24.078	11.236		
	EUR	150,0	70,0		
	USD	198	93		
Kanada, CA (1 - 20 - 4)	IS kr	41.270	23.661		
	EUR	257,1	147,4		
	USD	340	195		
Sviss, CH (1 - 10 - 6)	IS kr	32.570 / 26.052	13.034		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
	EUR	202,9 / 162,3	81,2		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
	USD	268 / 215	107		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
Þýskaland, DE (12 - 418 - 35)	IS kr	22.954	13.323	22.954	
	EUR	143	83	143	
	USD	189	110	189	
Danmörk, DK (3 - 128 - 47)	IS kr	44.897 / 40.660	32.762 / 20.033		*Stóðhestar / Hryssur.
	EUR	279,7 / 253,3	204,1 / 124,8		*Stóðhestar / Hryssur.
	USD	370 / 335	270 / 165		*Stóðhestar / Hryssur.
Ísland, IS (18 - 1.299 - 253)	IS kr	18.500	13.500	13.500	
	EUR	115	84	84	
	USD	152	111	111	
Holland, NL (1 - 26 - 4)	IS kr	27.288 / 13.644	13.644 / 6.020		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
	EUR	170,0 / 85,0	85,0 / 37,5		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
	USD	225 / 112	112 / 50		*Stóðh. / Hryssur-Geld.
Svíþjóð, SE (7 - 229 - 43)	IS kr	44.304	33.228	44.304	
	EUR	276	207	276	
	USD	364,9	273,7	364,9	
Bandaríkin, US (1 - 11 - 5)	IS kr	30.355 - 48.568	12.142 - 30.355		*Á bilinu... háð hrossafjölda.
	EUR	189 - 303	76 - 189		*Á bilinu... háð hrossafjölda.
	USD	250-400	100-250		*Á bilinu... háð hrossafjölda.

* Í svigum: Fjöldi sýninga sem lokið er þann 17. sept. 2013 - fjöldi fulln./reiðd. - fjöldi byggingardóma.
(Byggt á svörum W-Fengsskrásetjara í Evrópu og Ameríku, vor og haust 2013).

Ljóst er af fjöldatölum dæmdra hrossa að Ísland dregur vagninn og skapar langstærstan hluta þeirra gagna sem liggja til grundvallar alþjóðlegu kynbótamati í hrossarækt. Það er í sjálfu sér gleðilegt og staðfestir enn sem fyrr þá miklu ástríðu og metnað sem einkennir íslenska ræktendur. Talsverður breytileiki er í sýningagjöldum milli landa svo sem taflan ber með sér. Stærstu breytur þar eru að líkindum mismunandi aðstöðugjöld (vallarleiga), laun og ferðakostnaður dómara og aðkeypts starfsfólks, stærð sýninga og sá fjöldi hrossa sem kostnaður dreifist á.

Áfram veginn...

Það er lykilatriði í öllu okkar sameiginlega starfi að ná sem flestum gripum til dóms. Sýningagjöld mega aldrei verða flöskuháls sem takmarkar aðsókn og þátttöku. Gjöldin eiga að endurspeglar raunkostnað í hvívetna. Kynbótadómar eru þjónustustarf og framboð sýninga á að lúta eftirspurn í einu og öllu m.t.t. tímasetninga viðburða og staðsetningar þeirra, innan heilbrigðra hagkvæmnimarkna. Fagráð í hrossarækt setur niður sýningaáætlun fyrir íslenskar kynbótasýningar og sú áætlun liggur að jafnaði fyrir snemma á nýju ári. Í þessu tilliti er eftirtektarvert hversu smáar fyrstu vorsýningar á Íslandi hafa verið undangengin ár. Nýr framkvæmdaraðili (RML) þarf að greina, þegar öll rekstrargögn sýninga 2013 liggja fyrir, hvar skynsamleg neðstu fjöldamörk liggja til að setja á sýningu. Reynsla undangenginna ára undirstrikar að eftirspurn eftir sýningum er hverfandi lítil fram yfir miðjan maímánuð en þá vex hún bratt. Þegar nálgast mánaðamót maí-júní verður eftirspurninni engan veginn mætt nema með því skipulagi sem þróað hefur verið, þ.e. að hafa tvær dómnefndir að störfum á stærri sýningum, dæma 70 hross á dag í stað 35.

Miðsumarsýningar um og eftir miðjan júlí eru vonandi komnar til að vera sem einn af mörgum sýningamöguleikum ræktenda; hvort heldur sem er á landsmótsári eins og nú fer í hönd eða „milli-mótaári“. Hér gildir að eðlilegt er að bjóða upp á möguleikann og láta skráningu ráða aðgerðum.

Nýliðið sýningasumar var opnað fyrir skráningu á velflestar sýningar strax á vordögum, gegnum W-Feng. Sami háttur verður hafður á komandi vori. Skráning í tíma einfaldar mjög allt skipulag, mönnun og undirbúning. Það er ráðandi en vondur plagsiður að skrá til dóms á síðasta korteri síðasta skráningardags – eða að treysta á framlengdan skráningarfrest. Það græða allir ef þessi vani verður aflagður.

Það er veisla framundan á komandi vori og landsmótssumri. Stórar vonir og væntingar fylgja okkur inn í veturinn. Sameiginleg ástríða fyrir íslenskri hrossarækt er það afl sem knýr starfið allt.

Pétur Halldórsson, hrossaræktarráðunautur.

RML, Hvolsvelli.

S: 487-1513 / 862-9322 / petur@rml.is